

Grafarvogur hafnar sameiningartillögum

Fundur foreldra leik- og grunnskólabarna í Grafarvogi, sem borgarstjóri og borgarfulltrúar Besta flokks og Samfylkingar boðuðu til þann 12. mars 2011, hafnar fyrirleggjandi tillögum um sameiningar í leik- og grunnskólum Grafarvogs. Þá átelur fundurinn vinnubrögð starfshóps undir forsæti Oddnýjar Sturludóttur og telur niðurstöðu starfshópsins órökstudda og illa ígrundaða. Fundarmenn telja að engan veginn sé sýnt fram á faglegan eða fjárhagslegan ávinning í tillögum starfshópsins. Einnig áréttar fundurinn að á meðan borgin sóar umtalsverðum fjármunum í ólögbundin gæluverkefni, séu ekki forsendur til frekari skerðinga í skólastarfi en orðnar eru.

Fundurinn hafnar alfarið tillögum starfshópsins um sameiningar skóla í Grafarvogi. Við krefjumst þess að Reykjavíkurborg forgangsraði fjármunum sínum í þágu lögbundinna verkefna, hætti gæluverkefnum og sýni ábyrgð í meðferð fjármuna að öllu leyti. Við viljum ekki frekari niðurskurð og höfnum öllum breytingum sem gerðar eru í andstöðu við skóla- og foreldrasamfélagið.